

**Ed. 203. Frumvarp til laga [192. mál]**

um breytingu á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla, með síðari breytingum.

Flm.: Skúli Alexandersson, Þórður Skúlason, Sveinn Jónsson.

1. gr.

Upphaf 18. gr. laganna orðist svo:

Skólanefndir skulu skipaðar sem hér segir:

a. Í kaupstöðum og kauptúnahreppum fimm mönnum, enda standi þeir einir að skólarekstrinum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Kosningu nýrrar skólanefndar, sem leiðir af samþykkt laga þessara, skal lokið fyrir upphaf næsta skólaárs, 1987–1988.

*Greinargerð.*

Í lögum nr. 63/1974, um grunnskóla, er ákvæði í 18. gr. um það að íbúatala kaup-  
túnahreppa þurfi að vera 900 til þess að skólanefnd hrepps verði skipuð fleiri mönnum en  
þremur. Ef íbúatalan nær 900 skulu skólanefndir skipaðar fimm mönnum.

Ekki verður séð á hverju talan 900 byggist. Sú staða getur komið upp að íbúum  
sveitarfélags fjölgi í 900 á miðju kjörtímabili, svo og að íbúunum fækki frá því að vera 900  
eða meira í lægri tölu. Í lögnum er ekkert um það hvernig þá skuli við bregðast.

Í kauptúnahreppunum eru mikilvægustu nefndir sveitarfélagsins yfirleitt skipaðar  
jafnmörgum mönnum og hreppsnefndin, þ.e. 5–7 mönnum. Ástæðan fyrir þessum fjölda er  
m.a. að tryggja það að allir hreppsnefndarmenn hafi rétt til að velja menn í viðkomandi  
nefndir og þau sjónarmið, sem urðu þess valdandi að hver og einn var kjörinn í hrepps-  
nefndina, fái að njóta sín í viðkomandi nefndum.

Flutningsmönnum er kunnugt um að í nokkrum þéttbýlishreppum með íbúatölu innan  
við 900 hafa komið upp vandamál í sambandi við kjör í skólanefnd. Sums staðar hefur meiri  
hluti hreppsnefndar kosið alla þrjá fulltrúana úr sínum hópi og útilokað þar með áhrif og  
sjónarmið minni hlutans í skólanefnd. Varla er trúlegt að sá sé tilgangur laganna. Á öðrum  
stöðum hefur verið leitað samkomulags um val skólanefndarmanna eða samþykktir  
áheyrnarfulltrúar frá minni hluta eða minni hlutum. Slík vandræðaákvæði, sem eru  
jafnframt ólýðræðisleg, er óþarfi að hafa í lögum.

Í gildistökuákvæði er gert ráð fyrir því að sú breyting sem frumvarpið felur í sér, komi til  
framkvæmda við upphaf næsta skólaárs. Þá þyrftu þeir kauptúnahreppar, sem hafa færri en  
900 íbúa — og þrjá menn í skólanefnd — að hafa lokið kosningu nýrrar skólanefndar.